

Vitavörður skal vera þægilegur í viðmóti við þá, sem óska að sjá vit- **156**
ann, og skýra þeim frá ásigkomulagi allra vitafærananna.

Á þeim tíma, er logar á vitanum, leyfist engum aðkomandi manni að ganga í vitann.

57. gr.

Refsa skal samkvæmt hinum almennu hegningarlögum hverjum þeim sem af ásettu ráði, hirðuleysi eða strákskap skemmir nokkurt vitafæri, hvort fast er eða laust.

Reykjavík, 21. október 1897.

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa **157**
prestakalli. — Samkvæmt beiðni prestsins í Hruna í Árnesprófastsdæmi, sjera **21. okt.**

Steindórs Briems, og tillögum yðar, hr. amtmaður og yðar hr. biskup, í þóknanlegu brjefi, dags. 8. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki allt að 2800 króna embættislán upp á tekjur prestakallsins til þess að byggja á prestssetrinu íbúðarhús úr timbri 15×11 álnir að stærð, járnvarið á þaki og 3 hlíðum, allt um kring fóðrad pappa, með svonefðu »brotnu« þaki og kvisti á annari hlíð, kjallara 10×7 álnir, skúr við apturhlíð hússins 9×4 álnir, og með því fyrirkomulagi að öðru leyti, sem uppdráttur sá, er fylgdi fyrrnefndu brjefi stiptsyfirvaldanna, bendir á. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að síðari hluti lánsins verði eigi útborgaður fyr en sannað er með reglulegri sköðunargjörð þartil útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, og váttryggt fyrir 3800 kr. að minnsta kosti, að lánið ávaxtist, og endurborgist með $\frac{1}{28}$ árlega auk vaxta á næstu 28 árum að telja frá því lánið er tekið, að sannað verði á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, að húsið með skúr, eldavjel og ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niður falla eptirnefnd bæjarhús, er áður fylgdu prestakallinu: baðstofa, búr, eldhús, bæjardyr og göng, að presturinn eða dánarbrú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar að því viðbættu, að lánið er veitt úr landssjóði.

Brjef landshöfðingja til hreppsnefndaroddvítans í N.-hreppi um uppboðslaun **158**
fyrir sölu óskilafjár. — Þjer hafið, herra hreppsnefndaroddviti, í þóknanlegu brjefi, **23. okt.**
dagsettu 16. f. m., skýrt frá því, að breppstjórinn í N.-hreppi, N. N. á N., hafi